

Landbúnaður og náttúruvernd - LOGN

LOGN er skammstöfun og vinnuheiti á verkefninu „Landbúnaður og náttúruvernd“ sem er samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands og Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Markmið og tilgangur verkefnisins er að kanna möguleika á samþættingu landbúnaðar og náttúruverndar auk þess að greina tækifæri, hindranir, samlegðaráhrif og mögulegan ávinning af náttúruverndaraðgerðum á landbúnaðarsvæðum.

Verkefnið er í umsjón Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins ehf og fjármagnað af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Ferill verkefnisins

Verkefnið hófst formlega 4. febrúar s.l. Þegar undirritaður var samningur milli UAR og RML. Þar á undan eða frá því að samkomulag milli BÍ og UAR var undirritað í byrjun desember sl. fólst vinna m.a. í áætlanagerðum og hugarflugsvinnu, en einnig við að afla upplýsinga um verkefni sem unnin hafa verið bæði hér á landi og erlendis sem skoða mætti til samanburðar.

Fyrsti verkþáttur byggðist að miklu leyti á öflun heimilda um sambærileg verkefni, sem bæði hafa verið unnin hérlandis og eins á erlendri grundu. Nota má þessi verkefni sem viðmið og til áframhaldandi þróunar á verkefninu. Auk heimildavinnu var verkefnið kynnt fyrir ýmsum hagaðilum og mögulegum samstarfsaðilum.

Fyrsta verkþætti lauk samkvæmt áætlun 8. mars og áfangaskýrsla hefur verið afhent UAR.

Fyrsti verkþáttur, heimildarannsókn og kynningar:

- **Upplýsingum safnað úr öðrum verkefnum (heimildarannsókn)**

Hér á landi eru og hafa verið í gangi nokkur verkefni á sviði náttúru- og umhverfismála þar sem kallað hefur verið eftir samstarfi við bændur. Samstarf af þessu tagi hefur yfirleitt gengið vel og verkefni oft skilið eftir sig afurðir sem nýtast bæði náttúru og bændum.

Talsvert mikil er til af ýmiskonar efni sem fjallar um náttúruvernd á landbúnaðarsvæðum. Þetta efni getur gjarnan nýst bændum en e.t.v. ekki nógu aðgengilegt og þyrfti að vera hýst á vefsíðum sem bændur fara mikið inn á, t.d. á bondi.is eða rml.is.

Í verkefninu eru tækifæri í að leita samstarfs við stofnanir og tengjast öðrum verkefnum sem skarast við markmið verkefnisins.

Sem dæmi má nefna að:

- Mikill samhljómur er á milli hlutverka NÍ og UST við LOGN.
- Fjölbreytt áhersla í náttúruverndaráætlunum og friðlýsingarverkefnum, þ.á.m. aukin áhersla á lífbreytileika, vistkerfi og búsvæði á svæðum sem eru í flestum tilvika eru á skilgreindum landbúnaðarsvæðum.
- Opinberar stofnanir eru að kalla eftir samstarfi við bændur og ýmiskonar verkefni þegar í framkvæmd þar sem stofnanir vinna í samstarfi við bændur t.d. við stofnun þjóðgarða, átaksverkefni í loftlagsmálum, verkefnið GróLind, Bændur græða landið, skógræktarverkefni á lögbýlum o.fl.

Víða erlendis er komin talsverð reynsla á samþættingu landbúnaðar og náttúruverndar. Oft er um að ræða samfélagslega þjónustu. Þá fá bændur greidda umhverfisstyrki sem eiga að stuðla að bættri umgengni við náttúru, verndun og viðhaldi á lífbreytileika og búsvæðum, en jafnframt stuðla að heilbrigðari meðhöndlun jarðvegs og húsdýra. Þar sem best hefur til tekist hafa stjórnvöld beitt sér fyrir ráðgjöf og fræðslu til bænda um umhverfismál. Reynslan sýnir að vel upplýstir bændur eru frekar tilbúnir að breyta til og snúa sér að umhverfisvænum aðferðum og noti það sem tækifæri til að efla starfsemi og aðgreina afurðir sínar á mörkuðum.

Dæmi um ávinning af LOGN verkefnum erlendis:

- Bætt lífsskilyrði fyrir almenning, t.d. með hreinna vatni, betra lofti, lífbreytileika o.fl.
- Fjölbreyttari störf til sveita
- Meiri nýliðun / ættliðaskipti
- Styrkir dreifbýli á jaðarsvæðum
- Notað til að marka sérstöðu í markaðsmálum
- Nýsköpun
- Kallar fram jákvæða ímynd á landbúnaði og vörum unnum úr landbúnaðarafurðum

• **Kynningar**

Lögð hefur verið áhersla að kynna verkefnið á jákvæðum nótum og með það í huga að um sé að ræða hlutlaus greining þar sem leitað verður eftir samstarfi helstu hagaðila. Allir aðilar sem kynntir hafa verið verkefninu hafa verið jákvæðir og lýst áhuga á samstarfi eftir föngum.

Verkefnið var kynnt opinberlega í Tímariti Bændablaðsins sem kom út 8. mars.

Verkefnið hefur einnig verið kynnt bréflega og á fundum fyrir:

- Stjórn RML
- Sveitarstjórn Borgarbyggðar
- Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
- Antoni Torfa Bergssyni, framkvæmdastjóra Búnaðarsamtaka Vesturlands
- Guðrúnu Tryggvadóttur, nýjum formanni BÍ, sem er einnig formaður Búnaðars.-Suð.Þing.
- Ingvari Björnssyni, formanni nefndar um umhverfisstefnu landbúnaðarins
- Ragnheiði Helgu Jónsdóttur, LBHÍ
- Tómasi Gunnari Grétarssyni, Rannsóknarstöð HÍ á Suðurlandi
- Trausta Baldurssyni, Járngerði Grétarsdóttur og Olgu Kolbúnu Vilhelmsdóttur, NÍ
- Hákonni Ásgeirssyni, UST

Annar verkþáttur - næstu skref:

- **Vinnufundir, spurningakönnun og viðtöl við bændur**

Tilgangur spurningakönnunar og vinnufunda er að fá viðbrögð frá bændum, kallað eftir staðbundinni þekkingu og starfskröftum þeirra. Leitað verður samráðs við heimamenn og styrkur sóttur í sérstöðu svæðanna. Ákveðið hefur verið að setja fókusinn á Vesturland og Norðausturland. Í því samhengi hafa Mýrar í Borgarfirði og Bárðardalur í Þingeyjarsveit verið valin sem sérstök rýnisvæði.

Undanfari fundanna er spurningakönnun sem hefur nú þegar verið send út til bænda til að greina þekking þeirra og viðhorf til náttúruverndar. Anna Ragnarsdóttir Pedersen nemandi í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ hefur séð um gerð og uppsetningu könnunarinnar en verkefnið verður að hluta til mastersverkefni Önnu. Könnunin hefur verið send til bænda á Vestur- og Norðausturlandi og mun Anna í framhaldinu sjá um greiningar úr könnuninni auk þess að taka viðtöl við bændur og vinna greiningar úr þeim.

- Spurningakönnun hefur verið send út á bændur á Vesturlandi og í Suður-Þingeyjarsýslu. Til þess höfum við fengið aðgengi að póstlistum búnaðarsambanda á svæðunum.
- Búið er að tímasetja kynningar- og vinnufundi en þeir fara fram á eftirtöldum stöðum:
 - 10. apríl, Lyngbrekku á Mýrum, Borgarfirði
 - 11. apríl, Kiðagili í Bárðardal, Þingeyjarsveit
- Bændum verður boðið í framhaldi í stöðluð viðtöl þar sem spurt verður enn dýpra út í viðfangsefnið.

- **Úrvinnsla**

- Frumgreining verður unnin úr spurningakönnun fyrir kynningar- og vinnufundi
- Endanlegar greiningar og úrvinnsla gagna á sér stað í 3. verkþætti.

- **Nýsköpun**

- Í verkefninu verður skoðaða hvernig byggja megi framhaldið á nýsköpunargildum „náttúrunýsköpun“
- Byggt á sérstöðu og styrk hvers svæðis
- Takmörkunum og hömlum sem verða við náttúrvernd breytt í tækifæri

Þriðji verkþáttur

Í þriðja verkþætti verður samkvæmt verkáætlun unnið úr gögnum sem safnast í öðrum verkþætti. Gerð verður samantekt og tillögur að stefnumótun byggðri á niðurstöðum greininga og fyrirbyggjandi gagna.

Samkvæmt áætlun verður verkefnið í heild sinni kynnt og lokaskýrsla tilbúin í lok nóvember 2019.

Stuttur útdráttur úr heimildarannsókn

Bændur á Íslandi hafa í flestum tilvikum góða tilfinningu fyrir sérkennum náttúru og bera yfirleitt virðingu fyrir landinu. Stundum skortir grunnþekkingu á sérstöðu ýmissa náttúruyfyrirbæra sem endurspeglast í rangri notkun t.d. að sjaldgæf og mikilvæg vistkerfi séu tekin undir túnrækt eða röng beitarstjórnun. Vistkerfi á Íslandi eru upphaflega mótuð án beitardýra og mörg svæði mjög viðkvæm fyrir beit. Bændur gera sér þó yfirleitt grein fyrir gróður- og jarðvegseyðingu og eru flestir vel meðvitaðir um áhrif ofbeitar á gróðurlönd. Það er komin ákveðin hefð á meðal bænda að stunda uppgræðslustörf, t.d. í verkefninu „Bændur græða landið“ og bændur eru vanir að þiggja ráðgjöf, hliðra til og beitarstýra löndum. Þá er líka hefð fyrir því að bændur geti nýtt til beitar eða hlunninda, ákveðin svæði, þjóðlendur, opinber lönd eða lönd í sameign með öðrum. Vísbendingar eru um að íslenskir bændur bera að jafnaði jákvætt viðhorf gagnvart náttúruvernd samkvæmt rannsóknum um fugla og fuglavernd, en eru þó misjafnlega jákvæðir í taka tillit til búsvæða eða hliðra til í búskap vegna fugla.

Verkefnið á samleið með nokkrum öðrum verkefnum sem eru í gangi t.d. við verkefnið GróLind var hleypt af stokkunum með það að markmiði að rannsaka og kortleggja gróður- og jarðvegsauðlindir landsins auk þess að vakta og þróa sjálfbærnisvísa fyrir nýtingu auðlindanna. Einnig má þarna nefna samstarfsverkefni RML, sauðfjárbænda, Landgræðslunnar og Skógræktarinnar um loftlagsvænni landbúnað. Fleiri verkefni má nefna t.d. gæðastýringu í sauðfjárrækt, endurheimt votlendis o.fl.

Erlendis er víða verið að kalla eftir betri umgengni um náttúru og umhverfi til að sporna við loftlagsbreytingum síðari ára. Mengun frá landbúnaði telur umtalsvert í því samhengi eða um 24% á heims vísu sem að má miklu leiti rekja til stórra framleiðslueininga þar sem stunduð er svokölluð þaulrækt eða þauleldi (intensive farming). Sem mjög sjáanlegt dæmi má nefna að fækkun í fuglategundum má oft rekja til stækkun og þéttleika búa og mikillar þaulræktunar. Einnig hafa sérfræðingar bent á að bæta þurfi umgengni við náttúruauðlindirnar vatn og gróðurmold og víða þurfi að draga úr notkun áburðar og eiturefna við framleiðslu. Sem mótvægisáðgerð við mengun og umhverfisáhrif frá landbúnaði hafa stjórnvöld víða um heim sett inn ákvæði um umhverfis og náttúruvernd í framleiðslu- og styrkjakerfi. Vægi og hlutfall þeirra málaflokka hefur aukist til muna á undanförunum árum þar sem stjórnvöld og ekki síst bændur eru farnir að átta sig á mikilvægi náttúru, fjölbreyttra vistkerfa og lífbreytileika. Umhverfisstyrkir til bænda eiga að stuðla að bættri umgengni við náttúru og til að vernda og viðhaldi lífbreytileika og búsvæðum, en jafnframt stuðla að heilbrigðari meðhöndlun jarðvegs og húsdýra. Oft er skortur á almennri þekkingu á umhverfisvernd meðal bænda, en víða verið gert átak í að upplýsta bændur um umhverfi og náttúru. Þar sem það hefur verið gert eru þeir frekar tilbúnir að breyta aðferðum og snúa sér að umhverfisvænum aðferðum.

HNV-farming (High Nature Value) er rammi um umhverfisvæna búskaparhætti, landbúnaðarland og náttúruvernd. Það fjölþátta kerfi sem hefur verið í mikilli þróun á s.l. árum og er trúlega best skilgreinda landbúnaðar-umhverfisverndarkerfi sem notað er í dag. Í HNV verkefnum er tekið mið af sérstöðu og einkennum hvers svæðis, þ.a.l. er eðlilegt að ákveðin breytileiki sé á milli landa og sem endurspeglar mismun í búskaparhættum og náttúruverndum hvers lands. Skilyrði fyrir HNV er að landbúnaður sé stundaður samhliða náttúruvernd og hvort tveggja styðji við hvort annað. Almenn skilgreining á HNV landi er að þar sé landbúnaður aðal landnotkun, að búskaparhættir ýti undir og styðji við fjölbreytileika í búsvæðum og villtum tegundum og/eða viðveru villtra tegunda með evrópskt/lands/staðbundið verndargildi og/eða að verndun tegunda, búsvæða og vistkerfa sé undir sérstakri landbúnaðarnotkun komið.

Helstu markmið HNV er framleiðsla á hágæða hráefni fyrir matvælavinnslu og samfélagsþjónusta í formi náttúruverndar, verndunar og viðhalds lífbreytileika, búsvæða og vistkerfa. HNV nær þó einnig til fleiri þátta t.d. kolefnisbindingar, vatns- og jarðvegsverndunar og tekur einnig tillit til menningarlegra

þátta. HNV mælikvarðar eru m.a. notaðir til úthlutunar á umhverfisgreiðslum CAP, annaðhvort með beinum styrkjum eða árangursmiðuðum greiðslum RBAPS (*Result Based Agri-Environmental Payments Schemes*).

Markmið HNV verkefna er að:

- Stuðla að náttúrvernd og meiri umhverfisvitund
- Bæta og styðja við HNV-búskaparhætti með nýsköpun
- Auka á samfélagsleg- og efnahagsgæði HNV svæða

HNV verkefnið „The Burren Programme“ byggir á samþættingu landbúnaðar og náttúrverndar í Burren héraði á Írlandi. Verkefnið þykir mjög vel heppnað, hefur hlotið fjölda viðurkenninga og notað sem fyrirmynd fjölda annarra verkefna. Markmið verkefnisins er að tryggja lífvænlegan landbúnað í Burren auk þess að vernda einstakt landslag héraðsins og þá arfðleið sem byggir á aldagömlum hefðum um notkun þess.

Undirstöðuþættir verkefnisins er m.a. uppbyggjandi fræðsla á öllum skólastigum og á meðal almennings og nýsköpun.

Horft verður til þess að nota Burren verkefnið sem fyrirmynd að LOGN verkefninu.